

Akraneskaupstaður
Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri
Stílholti 16-18
300 Akranes

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
17. jan. 2012 10.4.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. janúar 2012
Tilvísun: UST20111100182/ksj

Aðalskipulag Akraneskaupstaðar 2011-2022. Lýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar

Vísað er til erindis sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar er barst 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um áfangaskýrslu 1, sem er lýsing og verkáætlun fyrir endurskoðun aðalskipulags Akraneskaupstaðar 2011 – 2022.

Verkefnislýsing

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda verkefnislýsingu skipulagsáætlunarinnar sem er unnin skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í verkefnislýsingunni koma fram helstu forsendur og áherslur sveitastjórnar varðandi stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar. Í verkefnislýsingunni kemur fram að ekki er lengur talinn raunhæfur kostur að fara í framkvæmdir við landfyllingu og hafnargarð við Skarfatangahöfn eins og gert var ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi.

Einnig kemur fram að endurskoðuð verður afmörkun framtíðaríbúðasvæða og einnig verður göngu-, hjóla- og reiðstígakerfi s Akraneskaupstaðar.

Umhverfismat

Í umfjöllun um umhverfismat áætlana og framkvæmda kemur fram að ekki verði séð á þessu stigi endurskoðunarinnar að ráðgerðar séu framkvæmdir er falla undir 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Einnig kemur fram að stækkun hafnarsvæðisins við Skarfavör til suð-austurs (9 ha) og varnarmannvirki eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. 2. viðauki laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun tekur undir viðmið og umhverfisverndarmarkmið matslýsingarinnar og gerir ekki athugasemdir við matslýsinguna.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllt

A. Bina Guð.
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun